

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/16/EB
frá 22. apríl 1994
um breytingu á tilskipun ráðsins 74/63/EBE um óæskileg efni og
óæskilegar afurðir í dýrafæðu(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/63/EBE frá 17. desember 1973 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/74/EBE ⁽²⁾, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt tilskipun 74/63/EBE skal endurskoða viðaukana við hana reglulega með hliðsjón af framförum í vísindum og tækni.

Nauðsynlegt er að breyta arseninnihaldi í heilfóðri fyrir fisk vegna þess að fiskifóður er mestmegnis fiskimjöl sem inniheldur arsen frá náttúrunnar hendi; þetta magn er ekki hættulegt heilbrigði dýra, manna né umhverfi.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

I. viðauka við tilskipun 74/63/EBE er hér með breytt samkvæmt viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. mars 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. apríl 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtfð. EB nr. L 104, 23. 4. 1994, bls. 32, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtfð. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 31.

(2) Stjtfð. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka, lið nr. 1 „Arsen“, komi eftirfarandi í stað „Heilfóður“ í dálkinum „Fóður“ og tölunnar „2“ í dálkinum „Hámarks magn“:

Efni, afurðir	Fóður	Hámarks magn fóðurs í mg/kg (ppm), reiknað með 12% rakainnihaldi
1	2	3
	„Heilfóðurblöndur, að undanskildum heilfóðurblöndum fyrir fisk	2 4“